

# Safnar hjörtum í náttúrunni

Ásta Henriksen fæddist á Siglufirði árið 1964 og er uppalin hér, fór eftir skyldunám í Menntaskólann á Akureyri og þaðan svo í enn frekara nám að honum loknum og hefur undanfarna tvo áratugi verið enskukennari við Verzlunarskóla Íslands. Þegar tækifæri gefast leggur hún stund á göngur til að halda líkamanum í góðu formi og ekki síður þó til að dreifa huganum frá ys og þys hversdagsins. Þá er myndavélin ómissandi förunautur og alltaf tilbúin, því Ásta á sér það einstaklega fallega áhugamál að safna hjörtum úr íslenskri náttúru.

„Þetta byrjaði fyrir um 10 árum síðan,“ segir hún þegar blaðamaður sest niður með henni til að forvitnast um þessa sérstæðu og heillandi tómskundaiðju. „Fyrsta hjartað sem ég tók myndir af var í fjörunni í Héðinsfirði. Á þeim tíma var ég ekkert að hugsa um það neitt sérstaklega, heldur var þetta bara þarna. En svo fór ég að labba með gönguhópi árið 2009, [Toppforum](#), og gekk með þeim á fjöll töluvert mikið, einu sinni í viku, og oft lengri ferðir um helgar, og þá fór ég bara að sjá hjörtu út um allt. Þannig að þetta var orðinn brandari í hópnum, að þegar ég lagðist á hnén til að mynda, þá var spurt: Jæja, sástu nú hjarta? En ég er ekkert að leita að þeim, þau eru bara þarna.“

## Á um 300 hjörtu

Ásta segist alltaf hafa tekið mikið af landslagsmyndum, þessum hefðbundnu, með fjöllum, dölum, ám og þess háttar, en eftir því sem vikur, mánuðir og ár liðu fór hún líka út í abstrakt.

„Ég fór að reyna að ná áhugaverðum bútum út úr því sem fyrir augu bar í víðáttunni, eltast við liti og mismundandi samsetningu þeirra, og held að það hafi orðið til þess að ég fór að sjá hjörtun, því þá skoðar maður náttúruna í kringum sig dálítið öðruvísi en ella, því maður er þá jafnframt að horfa niður fyrir tærnar á sér, skoða náttúruna í nærmynd. Og

ég man að þegar ég setti myndir inn á sameiginlega netsíðu hjá okkur í hópnum að ég fékk gjarnan spurninguna: Bíddu, varst þú í sömu ferð og við?," segir hún og hlær .

Hún kveðst eiga um 300 hjörtu og vera rétt að byrja.

„Oft finnst mér þau blasa við, hreinlega æpa á mig þau geta verið steinar eða mynduð úr blómum, fléttum og skófum, hrími, klaka, leir, mosa, snjó eða í raun hverju sem er. Og þetta getur verið hvar sem er. Einu sinni var ég að hoppa yfir læk þegar ég sá allt í einu hjarta í honum og stökk því yfir aftur til að mynda það. Þetta eru allt hjörtu einhvers staðar í náttúru Íslands, myndirnar aðallega teknar í fjallgöngum en þó líka öðrum göngum hér og þar. Um þarsíðustu helgi gekk ég til dæmis um Sogin á Reykjanesi, í námunda við Keili, þetta er háhitasvæði, eins og smækkaðar Landmannalaugar, þar er mikil litadýrð og þar rakst ég á hjartalaga leirhver.

Það er annars gengið allt árið, yfir vetrarmánuðina oftast á fjöllin í grennd við höfuðborgina, þannig að akstur er innan við hálf tíma, stundum þó á Akrafjallið eða eitthvað svoleiðis, það eru svona þessar vikulegu göngur, en svo er farið einu sinni í mánuði eitthvað lengra, mikið á Snæfellsnesið og svo víðar um land. Og oftast en ekki eru norðurljósinn dansandi yfir höfðum okkar.“

Ásta fór í sínar fyrstu fjallgöngur ung að aldri og gekk á flest fjöll við Siglufjörð á unglingsárunum. Hún hefur tvisvar sinnum farið Glerárdalshringinn, sem er 24 tindar á 24 tímum.

### **Hvöld fyrir sálartetrið**

„Ég er að sækja mér orku í þessari útiveru og er í hálfgerðri leiðslu þegar ég er að ganga, er svo mikið að njóta þess að vera þar sem ég er. Það er svo gríðarlegt stress í hinu daglega lífi manns, ég er á þönum, gjarnan í kapphlaupi við klukkuna, svo að ég fæ ofboðslega mikið út úr því að vera úti í náttúrunni. Þetta er ekki bara hreyfingin heldur líka fegurðin sem alls staðar blasir við manni og sem maður tekur

inn og gerir manni gott. Þetta er hreinsun. Hvíld fyrir sálartetrið. Maður er staddur þarna einhvers staðar í fallegu umhverfi, og á meðan eru áhyggjur heimsins skildar eftir, maður er bara í núinu, maður gleymir sér í þessu flæði.“

Ásta kveðst eiga sér nokkur uppáhalds hjörtu. Stundum sé það staðurinn sem geri það að verkum að eitthvert hjarta sé í uppáhaldi eða einhverjar aðstæður sem hún hafi verið í þegar þau sáust, að þau allt í einu hafi blasað við þar sem hún átti engan veginn von á slíku. Þá sé þetta enn ánægjulegra og eftirminnilegra.

„Það er svo mikil fegurð í þessu smáa. Og það er svo mikilvægt að gefa sér tíma til að njóta, en ekki þjóta, þá opnast manni nýr heimur. Ég gekk inn í einn slíkan þegar ég fór að líta íslenska náttúru þeim augum,“ segir hún.

Það skemmtilega við þetta allt er, að þetta er smitandi, vegna þess að nú eru fleiri í hópnum farnir að sjá hjörtu og taka af þeim myndir. Þetta er svo jákvætt tákni, og meira en það, eitthvað sem hefur áhrif líka, kærleikur og ást. Þetta er þéttur hópur, góðir vinir og við eigum þetta saman.“



Við Kleifarvatn.



Sogin,  
Reykjanesi.



Lækur nálægt  
Tröllafossi.



Lækur,  
Héðinsfirði.



Kerling,  
Eyjafirði.



Fjara við  
Jökulsárlón.



Hengill.



Hengill.



Heiðmörk.



Héðinsfjörður.



Héðinsfjarðará.



Hafnarfjall.



Esjan, Laufskörð.



Esjan, Hátindur.



Botnssúlur  
(suðursúla).



Botnshjall,  
Snæfellsnesi.

## Safnar hjörtum í náttúrunni

● Komin með myndir af rúmlega 300 hjörtum í umhverfinu

„Öll fannst mér þau bláan við, kröfulega spás á mig. Þau geta verið steinar eða myndir frá blámann, flötum og sköfum, lirtum, klaka, léta, tréss, sögu eða í rann í svefju sem er. Og þetta getur verið líkur sem er.“ segir Sigrún Ágústsdóttir Ásta Henriksen um slæmt lílegt skagandi stítt, en hún hefur á samstarfsmann árin tekið ljósmyndir af hjartalaga fyrirbærum í umhverfinu.

Á hún orðið ríflega 300 myndir af hjörtum lívers konar. Ásta segir þetta hafa hjólað fyrir um tíu árin.



Ljósmynd Ásta Henriksen  
Tréhlífanna í hól nálegt stíðu að Tréhlífanna er þessi hjartastekla.

„Þetta eru all hjarta einhverrar stærðar í millitru bláandi, myndirnar nálega tekiar í fjálgangum en þú líka líkum gáugum hér og þar. Um þessuasta heigi gekk ég til dæmis um Sogin á flokkjannsi, í minnumda við Kollu. Þetta er hálkinnaróði, eldas og smokkaskar Lausmannalaugar, þar er mikil hladyró og þar rakot ég á hjartalaga heitvev.“ segir Ásta m.a. í Morgunblaðinu í dag, í samtali við Sigrún Ágústsdóttir, fréttastjóra blaðsins á Siglufirði.

„Þú er svo mikil fegurð í þessu sasin. Og það er svo náðlægt að geta séð tína til að sjáta.“ 20



Viðtalið í  
Morgunblaðinu í  
dag.

Forsíðumynd og texti: Sigurður Ægisson | [sae@sae.is](mailto:sae@sae.is).

Aðrar myndir: Ásta Henriksen.